

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 44/2001**

**frá 30. mars 2001**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2001 frá 28. febrúar 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/28/EB frá 18. september 2000 um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við á undan aðlögunartextanum í 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32000 L 0028:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/28/EB frá 18. september 2000 um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtið. EB L 275, 27.10.2000, bls. 37).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 117, 26.4.2001, bls. 13 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 22, 26.4.2001, bls. 8.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 275, 27.10.2000, bls. 37.

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/28/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. mars 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. mars 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P. K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.